

10. október 2003

Hag-Vísir Vesturlands **2. tbl. 2003**

Nýbúar



SSV
þróun og ráðgjöf

Vífill Karlsson, hagfræðingur.
Höfundur er atvinnuráðgjafi hjá SSV og dósent við Viðskiptaháskólann í Bifröst.

Október 2003

1 Inngangur

Ísland hafði verið frekar einangrað frá umheiminum þar til í seinni heimstyrjöldinni þegar erlendur her tók sér stöðu hér í norður Atlantshafi. Þetta snerti ýmsa staði á Vesturlandi. Herbúðir voru settar víða upp á í Hvalfirði, á Akranesi, í Borgarnesi og úti á Snæfellsnesi. Í Hvalfirði var eitt stærsta skipalægi bandamanna og stór herstöð var í honum innanverðum. Á Akranesi var strandgæsluvarðstöð með fjölda hermanna. Í Borgarnesi var sett upp miðstöð varna á norðvesturhluta landsins og kom 580 manna herlið þar fyrsta daginn í september 1940. Munnmælasögur segja erlenda hermenn hafa orðið 3.500 talsins þegar mest lét. Íbúar í Borgarnesi voru 500 á sama tíma. Á Helligandi var strandgæslustöð.

Árið 1967 fengu Íslendingar aðild að GATT samkomulaginu og árið 1970 gengu Íslendingar inn í EFTA. Þar sem þetta varu fyrst og fremst fríverslunarbandalög þá var það ekki fyrr en árið 1994 þegar Ísland varð aðili að EES (evrópska efnahagssvæðinu) að opnun gagnvart nýbúum varð meiri vegna þess að aðildin fól í sér sameiginlegan vinnumarkað.

Með nýbúum kemur ýmis ný þekking og viðfangsefni. Á Íslandi eru allnokkur dæmi um að nýbúar hafi lagt til nýja verkþekkingu, þekkingu í matargerð, listum, hannyrðum auk ýmislegs annars sem auðgar mannlífið. En nýbúa þarf að þjónusta með öðrum hætti heldur en innfædda. Nærtækast er að benda á tungumálaörðugleika sem krefst tungumálakunnáttu af starfsfólki þjónustufyrirtækja og –stofnana. Ríki og sveitarfélög reka víðtæka þjónustu um land allt. Af þessum sökum þurfa þessir aðilar að undirbúa sig og gera ráðstafanir til þess að taka sem best á móti nýbúum þannig að þeir fóti sig í nýju samfélagi.

Af þessum ástæðum vaknaði áhugi á að kanna hvaða sveitarfélög á Vesturlandi hafa flesta nýbúa og bera það saman við landið allt og önnur Norðurlönd. Í slíkum samanburði er oft litið til hlutfallstalna. Þess utan verður gerð grein fyrir fjölda þjóðerna, því það er auðveldara að þjónusta 20 nýbúa af saman þjóðerni en 20 íbúa af tveimur þjóðernum. Þess skal getið að ekki verður reynt að meta hvort þessi sveitarfélög hafi búið sig nógu vel undir komu nýbúanna.

Gögnin sem stuðst er við voru fengin hjá Hagstofu Íslands og Norrænu ráðherranefnd-

inni. Um er að ræða tölur yfir fjölda íbúa með erlent ríkisfang. Samkvæmt þessu eru þeir íbúar ekki nýbúar sem fengið hafa ríkisborgararétt. Í sumum tilfellum öðlast nýbúar ríkisborgararétt fljótlega, sérstaklega ef þeir eignast innfæddan maka.

Tafla 1: Almennt yfirlit yfir gögnin sem liggja til grundvallar skýrslunni yfir árið 2002. Gögn Hagstofu Íslands.


Svæði	Meðaltal	Staðalfrávik	Hámark	Lágmark
Nýbúa hlutfall	3,9%	3,2%	16,8%	0,0%
Fjöldi nýbúa	97,3	465,2	4.695	0
Fjöldi þjóðerna	10,9	15,5	114,0	0,0

Nokkur breidd er meðal íslenskra sveitarfélaga (tafla 1). Nýbúahlutfallið er allt frá 0 til 16,8%. Fjöldi nýbúa í íslenskum sveitarfélögum er allt að 4.695. Nýbúar eru af allt að 114 þjóðernum í einstökum sveitarfélögum.

2 Almennt um flæði íbúa til og frá landinu

Á Íslandi voru 10.221 íbúar með erlent ríkisfang eða 3,5% allra landsmanna árið 2002. Árið 1990 var þetta hlutfall 1,9% (mynd 1). Á þessu þrettán ára tímabili er hlutfallsleg aukning því um 80%. Meðal Norðurlandanna er breytingin mest héraendis, í Danmörku og Finnlandi. Á myndinni má sjá að þetta hlutfall er hæst í Svíþjóð og Danmörku árið 2002, eða í kringum 5%.

Mynd 1: Hlutfall íbúa á Norðurlöndum með erlent ríkisfang, árið 1990 og 2002. Byggt á gögnum Nordic Statistical Yearbook..



Þá þjuggu 22.163 Íslendingar erlendis árið 2002. Flestir voru þeir í Danmörku, 29% en svo koma Noregur, Svíþjóð og Bandaríkin með um 17%

þeirra hvert. Árið 1990 voru þeir 14.975 og 2.855 árið 1975.

3 Fjöldi íbúa með erlent ríkisfang eftir sveitarfélögum á Íslandi

Á Íslandi er hlutfall íbúa með erlent ríkisfang eftir sveitarfélögum á bilinu 0,0 til 16,8% árið 2002. Þar eru Tálknafjarðar-, Skeggjastaða- og Raufarhafnarhreppur með hæsta hlutfallið (tafla 2)

Tafla 2: Sveitarfélög með hæsta hlutfall íbúa með erlent ríkisfang. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

Sveitarfélag	Nýbúa hlutfall	Fjöldi nýbúa	Fjöldi þjóðerna
Tálknafjarðarhreppur	16,8%	58	5
Skeggjastaðahreppur	16,7%	23	2
Raufarhafnarhreppur	12,5%	35	4
Stöðvarhreppur	10,9%	30	3
Gerðahreppur	10,0%	123	13
Hrunamannahreppur	9,6%	71	18
Ásahreppur	9,3%	13	7
Leirár- og Melahreppur	8,2%	10	4
Villingaholtshreppur	8,2%	15	7
Grímsnes- og Grafningshreppur	8,0%	29	11
Sveitarfélagið Ölfus	7,9%	137	20
Grundarfjarðarbær	7,7%	75	11
Snæfellsbær	7,4%	131	18
Ísafjarðarbær	7,1%	293	26
Sandgerði	6,9%	96	11

Á Vesturlandi voru 471 íbúi með erlent ríkisfang eða 3,2% allra Vestlendinga. Árið 2000 voru þetta 453 einstaklingar eða sama hlutfall.

Þrjú sveitarfélög á Vesturlandi eru meðal þeirra 15 sem hafa hlutfallslega flesta íbúa með erlent ríkisfang á Íslandi. Það eru Leirár- & Melahreppur með 8,2%, Grundarfjarðarbær 7,7% og Snæfellsbær 7,4% (tafla 2).

Þess má geta að í Reykjavík er þetta hlutfall 4,1%, 3,0 í Kópavogi, 2,8 í Hafnarfirði, 2,1 í Garðabæ og 1,3 á Akranesi og Akureyri (tafla 2 & 3).

Í töflunni er fleira forvitnilegt að finna. Jafnvel þó hlutfallið sé hæst í Tálknafjarðarhreppi þá eru aðeins 58 íbúar á bakvið það. Þar eru aðeins 6 þjóðerni. Á Ísafirði er hlutfallið næstum helmingi lægra en þar eru tæplega 300 íbúar á bakvið hlutfallið og af 27 þjóðernum. Þess má

geta að nýbúar í Reykjavík eru af 115 þjóðernum (tafla 3).

Tafla 3: Sveitarfélög með hæsta hlutfall íbúa með erlent ríkisfang. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.


Sveitarfélag	Fjöldi þjóðerna	Fjöldi nýbúa	Nýbúa hlutfall
Reykjavík	114	4695	4,2%
Kópavogur	67	752	3,0%
Hafnarfjörður	60	579	2,8%
Akureyri	43	212	1,3%
Reykjanesbær	38	376	3,4%
Garðabær	37	186	2,1%
Seltjarnarnes	29	105	2,3%
Vestmannaeyjar	29	77	1,7%
Sveitarfélagið Árborg	27	158	2,6%
Ísafjarðarbær	26	293	7,1%
Mosfellsbær	26	135	2,1%
Hveragerði	23	66	3,5%
Grindavík	21	131	5,5%
Sveitarfélagið Skagafjörður	21	95	2,3%
Sveitarfélagið Ölfus	20	137	7,9%

Kópavogur kemur þar næst með nýbúa af 68 þjóðernum, þá Hafnarfjörður með 61, Akureyri með 44 og önnur eru með nýbúa af færri en 40 þjóðernum.

4 Fjöldi íbúa með erlent ríkisfang á Vesturlandi

Á Vesturlandi eru 471 íbúi með erlent ríkisfang árið 2002. Flestir þessara íbúa eru í Snæfellsbæ eða 29%, 19% þeirra á Akranesi, 16% í Grundarfirði, 13% í Stykkishólmi og 9% í Borgarbyggð (mynd 2).

Mynd 2: Skipting nýbúa á Vesturlandi. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.



Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang í hverju sveitarfélagi á Vesturlandi er allt frá 0,0 til 8,2% (tafla 4).

Tafla 4: Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang í sveitarfélögum á Vesturlandi. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.

Sveitarfélag	Nýbúa hlutfall	Fjöldi nýbúa	Fjöldi þjóðerna
Leirár- og Melahreppur	8,2%	10	4
Grundarfjarðarbær	7,7%	75	11
Snæfellsbær	7,4%	131	18
Eyja- og Miklaholtshreppur	5,2%	6	2
Stykkishólmur	5,1%	62	16
Borgarfjarðarsveit	4,4%	30	11
Kolbeinsstaðahreppur	3,6%	4	3
Dalabyggð	2,4%	16	8
Skilmannahreppur	2,1%	3	3
Helgafellssveit	1,8%	1	1
Innri-Akranshreppur	1,8%	2	2
Borgarbyggð	1,7%	43	15
Akranes	1,6%	87	20
Saurbæjarhreppur	1,1%	1	1
Hvalfjarðarstrandahreppur	0,0%	0	0
Skorradalshreppur	0,0%	0	0
Hvítársíðahreppur	0,0%	0	0


Norræna ráðherranefndin (2002) Nordic Statistical Yearbook, Kaupmannahöfn.

Sigurður Snævarr (1993) "Hagþýsing Íslands" Heimskringla, Reykjavík.

Leirár- & Melahreppur er efst á þessum lista með aðeins 10 íbúa á bakvið hlutfallið. Þá koma sjávarbyggðirnar Grundarfjörður og Snæfellsbær með 75 og 131 íbúa á bakvið hlutfallið. Athygli skal vakin á fjölda þjóðerna. Fjöldi þjóðerna gerir auknar kröfur til starfsfólks í opinberri þjónustu í sveitarfélögunum. Flest eru þjóðernin á Akranesi eða 20 en þá fylgir Snæfellsbær fast á hæla Akraness með 18, þá Stykkishólmur með 16 og Borgarbyggð með 15.

Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang fer heldur vaxandi á milli árunna 2000 og 2002 í þeim sveitarfélögum sem þeir eru flestir á Vesturlandi jafnvel þó þeim fjölgi ekki fyrir kjördæmið í heild á sama tíma eins og áður kom fram (mynd 3).

Mynd 3: Hlutfall íbúa með erlent ríkisfang í nokkrum sveitarfélögum á Vesturlandi árin 2000 og 2002. Byggt á gögnum Hagstofu Íslands.



5 Heimildaskrá

Hagstofa Íslands, heimasíða skoðuð í september 2003.

6 Viðauki: Gögn yfir Norðurlönd.

Tafla 5: Hlutfall íbúa á Norðurlöndum með erlent ríkisfang. Byggt á gögnum Nordic Statistical Yearbook.

Ár	Danmörk	Færeyjar	Grænland	Finnland	Alandseyjar	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1990	2,9%		0,8%	0,4%		1,9%	3,3%	5,3%
1991	3,1%		0,7%	0,5%		1,9%	3,4%	5,6%
1992	3,3%		0,7%	0,7%		2,1%	3,5%	5,7%
1993	3,5%		0,6%	0,9%	3,8%	1,8%	3,6%	5,7%
1994	3,6%		0,7%	1,1%	3,6%	1,8%	3,8%	5,8%
1995	3,8%		0,6%	1,2%	3,5%	1,8%	3,8%	6,1%
1996	4,2%		0,7%	1,3%	3,6%	1,8%	3,7%	6,0%
1997	4,5%		0,7%	1,4%	3,7%	1,9%	3,6%	6,0%
1998	4,7%		0,8%	1,6%	3,9%	2,1%	3,6%	5,9%
1999	4,8%		0,8%	1,6%	4,1%	2,4%	3,7%	5,6%
2000	4,9%		0,9%	1,7%	4,2%	2,6%	4,0%	5,5%
2001	4,8%	1,6%	0,8%	1,8%	4,4%	3,1%	4,1%	5,4%
2002	5,0%	1,8%	1,0%	1,9%	4,6%	3,4%		5,3%